

REGLUR

um neyðarakstur.

Neyðarakstur.

1. gr.

Ökutækjum má því aðeins aka samkvæmt reglum um neyðarakstur að það sé talið nauðsynlegt vegna verkefnis lögreglu, við björgun fólks, vegna eldsvoða eða umferðar-óhapps eða til að koma í veg fyrir verulegt tjón, enda sé ökutækið skráð til neyðaraksturs, sbr. þó 2. mgr.

Áskilnaður um skráningu ökutækis til neyðaraksturs nær þó ekki til

- a) ökutækja lögreglu sem að jafnaði eru notuð við eftirlit eða hliðstæð verkefni en í undantekningartilvikum notuð til neyðaraksturs, og
- b) ökutækja sem í einstakt skipti eru notuð til aksturs í þjónustu lögreglu, slökkviliðs eða í lífsnauðsyn, svo sem við flutning sjúks manns eða slasaðs, sbr. 3. mgr. 8. gr. umferðarlaga.

Skráning ökutækja til neyðaraksturs.

2. gr.

Ökutæki lögreglu, slökkviliðs eða almannavarna má skrá til neyðaraksturs.

Dómsmálaráðuneytið getur heimilað að ökutæki annarra opinberra stjórnvalda, svo og sjúkrabifreiðir, björgunarbifreiðir og hliðstæð ökutæki þótt í einkaeign séu megi skrá til neyðaraksturs.

Bifreiðaeftirlit ríkisins skráir ökutæki til neyðaraksturs.

Ljós- og hljóðmerki við neyðarakstur.

3. gr.

Á ökutæki sem skráð er til neyðaraksturs skal vera búnaður fyrir blátt blikkandi ljós.

Á ökutæki til neyðaraksturs má enn fremur vera tæki með breytilegri hljóðgjöf sem gefur frá sér tvítóna hljóðmerki. Enn fremur má ökutæki til neyðaraksturs vera búð öflugum hljóðmerkjabúnaði (sírenu) til notkunar við sérstakar aðstæður.

4. gr.

Ökutæki sem lögregla notar við eftirlit eða hliðstæð verkefni og í einstaka tilvikum eru notuð til neyðaraksturs mega vera búin ljós- og hljóðmerkjabúnaði fyrir neyðarakstur.

5. gr.

Nota skal ljósmerki við neyðarakstur. Ljósmerki má enn fremur nota þegar ökutæki er kyrrstætt við stað þar sem óhapp eða slys hefur orðið eða við svipaðar aðstæður.

Nota skal hljóðmerki við neyðarakstur nema talið sé að ljósmerki nægi miðað við aðstæður til að vara aðra vegfarendur við.

Við neyðarakstur ökutækis lögreglu má þó sleppa notkun ljós- og hljóðmerkja, enda sé það talið nauðsynlegt vegna tilefnis neyðarakstursins og aðstæður mæla því að öðru leyti ekki í gegn.

Að öðru leyti má eigi nota ljós- og hljóðmerki sem ætluð eru til neyðaraksturs.

Umferðarreglur.

6. gr.

Við neyðarakstur getur ökumaður, við aðstæður þar sem hann telur það mjög brýnt, enda gæti hann samtímis sérstakrar varúðar, látið hjá líða að fylgja ákvæðum umferðarlaga er greinir í

- a) 1. mgr. 5. gr. um að fylgja leiðbeiningum fyrir umferð sem gefnar eru með umferðarmerkjum, umferðarljósum o.þ.h.
- b) IV. kafla um umferðarreglur fyrir ökumenn, og
- c) V. kafla um ökuhraða.

Ökumaður skal jafnan fara eftir merkjum sem lögreglan gefur við umferðarstjórn.

Við akstur á rauðu eða gulu ljósi þar sem umferð er stjórnað með umferðarljósum skal ökumaður enn fremur draga svo mikið úr hraða að hann geti tafarlaust stöðvað ökutæki sitt fyrir umferð úr þverstæðri átt.

Notkun ljós- og hljóðmerkja við neyðarakstur dregur ekki úr skyldu ökumanns til að hafa aðgát og sýna tillitssemi gagnvart öðrum vegfarendum.

Gildistaka.

7. gr.

Reglur þessar sem settar eru samkvæmt 8. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, öðlast gildi 1. mars 1988.

Ákvæði 2. gr. um skráningu ökutækja til neyðaraksturs koma að fullu til framkvæmda 1. október 1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 26. febrúar 1988.

Jón Sigurðsson.

*Ólafur W. Stefánsson.***AUGLÝSING****um fjárhæð gjalds vegna stöðvunarbrota.**

Ákveðið hefur verið að gjald vegna stöðvunarbrota samkvæmt 1. mgr. 108. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, sbr. 3. gr. reglna um álagningu og innheimtu gjalds vegna stöðvunarbrota, skuli vera 750 krónur. Í Reykjavík skal gjald vegna brota á reglum um notkun stöðureita þó vera 500 krónur.

Ákvörðun þessi gildir frá 1. mars 1988 að telja.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 26. febrúar 1988.

Jón Sigurðsson.

Ólafur W. Stefánsson.